

## AUGLÝSING

### **um breytingu á deiliskipulagi, Vogar – Iðndalur, Sveitarfélaginu Vogum.**

Með vísan til ákvæða skipulagslaga nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga þann 23. maí 2012 samþykkt breytingu á deiliskipulagi fyrir Iðndal, Sveitarfélaginu Vogum. Breyting er gerð á grein 3.0 Almennt í sérákvæðum skipulags- og byggingarskilmála. Nýtingarhlutfalli er breytt úr 0,3 í 0,4. Einnig er gerð sú breyting að húsgerð á lóðinni Iðndalur 4 er breytt úr A (iðnaðar- eða atvinnuhúsnæði á 1. hæð) í húsgerð E (íbúðir) verslun eða þjónusta með tilheyrandi skilmálum. Er það gert til samræmis við gildandi aðalskipulag, en við síðustu endurskoðun þess breyttist landnotkun á þessari lóð úr iðnaðarsvæði í miðsvæði/íbúðarsvæði. Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi áður samþykkt deiliskipulag fyrir sama svæði, sem öðlaðist gildi 22. maí 2009.

*Vogum, 13. júní 2012.*

**Ásgeir Eiríksson** bæjarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 3. júlí 2012